

Sp.

163. Tillaga til þingsályktunar

um verbúðir.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að komið verði upp fyrir næstu vetrarvertið verbúðum ásamt skýlum til beitingar og fisk-sóltunar í helztu verstöðvum við Faxaflóa og þeim fiskisælu verstöðvum annars staðar á landinu, sem brýn þörf er slíkra bygginga. Ef þörf krefur, skal ríkis-stjórninni heimilt að koma slíkum byggingum upp fyrir fé ríkissjóðs.

Greinargerð.

Það hefur þegar komið áþreifanlega í ljós, að mjög skortir á, að séð hafi verið fyrir nægu og viðhlítandi húsrými handa skipshöfnum vélbátaflotans í helztu veiðistöðvum hér við Faxaflóa og öðrum fiskisælum verstöðvum annars staðar á landinu. Sama máli gegnir um húsakost á þessum stöðum til beitingar og verkunar aflans. Þetta ástand útilokar, að hægt sé að nota til hlítar hinn nýja bátaflota til þorskveiða á næstu vetrarvertið í ýmsum helztu verstöðvunum. Einkum og sér í lagi er ástandið í þessu efni ísjárvert við Faxaflóa. Sýnt er, að allmiklum fjölda fiskibáta er af þessum sökum með öllu fyrirumnað að stunda fiskveiðar á hinum aflasælu miðum á Faxaflóa á vertiðinni. Flutningsmanni þessarar tillögu er kunnugt um, að af þessum sökum hefur orðið að neita skipshöfnum margra báta um viðlegu á Akranesi, þó að legusvæði fyrir báta og lendingar- og afgreiðslustöðvar leyfi það vel, eins og nú er komið, að bætt væri við heimaflotann á vertiðinni allmörgum aðkomubátum. Hér er mikið í húfi og í ærið óefni stefnt, ef verulegur hluti hins nýja og góða bátaflota verður að liggja óhreyfður við landfestar yfir hábjargræðistímann af þessum sökum. Þetta er svo alvarlegt mál fyrir afkomu þjóðarinnar, að það er með öllu óforsvaranlegt og óviðhlítandi, að eigi séu gerðar ráðstafanir til þess að bæta úr því, sem áfátt er í þessu efni. En svo mjög er komið í eindaga um aðgerðir hér að lútandi, að það má ekki dragast neitt úr þessu, að undinn sé að því bráður bugur að koma upp nauðsynlegum byggingum til þessara nota. Það, sem er næst hendi og fljótverkast til úrlausnar, er að koma upp bröggu-um á þessum stöðum. Ærið er enn til af slíkum byggingum viðsvegar, og bæði er fljótlegt að rífa braggana og koma þeim upp aftur. Má vel og auðveldlega ganga svo frá bröggunum, að þeir geti verið viðhlítandi verbúðir til bráðabirgða, auk þess sem þeir eru vel nothæfir til beitingar og hagnýtingar á fiskiafla eftir að steypt hafa verið gólf í þá.

Er því beint til ríkisstjórnarinnar, að hún beiti sér fyrir frankvæmdum í þessu efni, bæði með hvatningu til útvegsmanna og sjómanna um, að þeir hefjist handa um úrlausn þessa máls, og stuðningi og fyrirgreiðslu, er verða mætti þeim uppörvun og stuðningur við skjótar aðgerðir í þessu vandamáli. Ef óhjákvæmi-legt reynist, að ríkisstjórnin gripi frekar í taumana og komi upp slíkum bygg-ingum, er henni í tillögunni heimilað að verja til þess nokkru fé úr ríkissjóði.